



Leiðbeiningar við sjúkraflutning vegna nýrrar kórónaveiru (COVID-19)

Neyðarlína:

- Ef hringt er í Neyðarlínuna með spurningar um nýju kórónaveiruna og **ekki** er þörf á sjúkrabíl, skal ráðleggja viðkomandi að hringja í sína heilsugæslu eða 1700. Brýna skal fyrir viðkomandi að halda kyrru fyrir þar til hann hefur náð sambandi við heilsugæslu eða 1700. Ef sjúklingurinn er erlendur **ferðamaður** skal aðstoða hann við að hafa samband við ofannefnda aðila. Ef honum **versnar** skyndilega getur hann þurft að hringja aftur í 112. Ef hann þarf að fara á heilsugæslustöð í sýnatöku og **hefur ekki farartæki til umráða getur þurft flutning skv. sérstökum ráðstöfunum almannaþarfa** þar sem hann má ekki nota leigubíla eða almenningssamgöngur.
- Ef þörf er á **sjúkrabíl** fyrir einstakling með hita, hósta, vöðvaverki og slappleika skal gera ráð fyrir að um COVID-19 smitaðan einstakling geti verið að ræða og nota leiðbeiningar hér fyrir neðan.
- Ef einstaklingur í **sóttkví eða einangrun** vegna COVID-19 þarf á sjúkraflutningi að halda, hvort sem er vegna öndunarfæraeinkenna, annarra veikinda s.s. brjóstverkja, eða slyss, skal fara eftir leiðbeiningum hér að neðan.

Viðeigandi búnaður á að vera til staðar hjá öllum aðilum sem sinna sjúkraflutningi.

Grunur um COVID-19 má ekki tefja eða hindra sjúkraflutning bráðveikra einstaklinga.

Grundvallarvarúð gegn sýkingum

Almenna reglan er að viðhafa ávallt grundvallarvarúð gegn sýkingum við alla sjúklinga alltaf. Það felur í sér handhreinsun, varúð við hósta og hnerra, fyrirbyggingu stunguóhappa, örugga meðferð sorps, þrif í umhverfi og hreinsun, sótthreinsun eða dauðhreinsun áhalda og búnaðar sem notaður er við umönnun og meðferð sjúklinga.

COVID-19 smitast með dropum úr öndunarvegi sýktra og snertingu við mengað yfirborð. Til viðbótar við grundvallarsmitgát er því rétt að nota **hlífðarbúnað** við flutning sjúklinga með öndunarfæraeinkenni sem gætu verið vegna COVID-19 sjúkdóms:

Við aðhlyningu og flutning sjúklings með COVID-19 skulu starfsmenn nota hlífðarbúnað:

- Hlífðargrímu (veiruhelda FFP2 grímu; athugið að **ekki** má nota grímu með ventli á sjúkling).
- Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- Hanska við umönnun og vandaða handhreinsun með handspritti þegar hanskar eru teknir af.
- Langerma hlífðarslopp/-galla.

Við grun um eða staðfesta sýkingu af völdum nýrrar kórónóveiru gildir eftirfarandi:

- Gluggi milli bílstjóraklefa og sjúklings skal vera lokaður á meðan á flutningi stendur þar sem það er hægt. Í sjúkraflugi þar sem ekki er lokað á milli flugstjórnarklefa og rýmis sem sjúklingur dvelur í þarf að meta sérstaklega þörf flugáhafnar fyrir hlífðarbúnað m.t.t aðstæðna um borð.
- Setjið hlífðargrímu á sjúklinginn svo fremi sem hann þoli það. Best er að nota FFP2 grímu án ventils en annars skurðstofugrímu (hægt að setja yfir súrefnisgleraugu ef þeirra er þörf). Sjúklingur má **ekki** taka grímu af til að hósta heldur á að hósta/hnerra beint inn í grímuna.
- Ef sjúklingur þolir alls ekki að hafa grímu þarf hann að halda fyrir vitin við hósta og hnerra með bréfpurrku eða olnboga. Bréfpurrka fari beint í plastpoka eftir notkun sem er lokað þegar flutningi sjúklings lýkur og hent með öðru sorpi sem til fellur í flutningi.
- Viðkomandi hreinsi hendur sínar með handþvotti eða handspritti áður en farið er í sjúkraflutning og í hvert sinn sem hann hefur borið bréfpurrku að andliti sínu meðan á flutningi stendur eða hendur hafa mengast á einhvern hátt.
- Hafið samband við bráðadeild þess sjúkrahúss sem sjúklingurinn er fluttur á fyrir flutninginn og látið vita af smitgát m.t.t. COVID-19. Móttakandi stofnun þarf að taka á móti sjúklingi í samræmi við verkferla sem þar hafa verið settir upp vegna COVID-19.

Eftir flutning sjúklings:

- Tau úr körfu sett í vatnsuppleysanlegan taupoka (meðan starfsmaður er enn í hlífðarbúnaði) og síðan í venjulegan taupoka (þegar starfsmaður er kominn úr hlífðarbúnaði en með hreina hanska) og sent í þvott.
- Gangið tryggilega frá öllum búnaði sem hefur mengast af **blóði** í poka fyrir sóttmengaðan úrgang. Ef hlífðarbúnaður er ekki blóðmengaður má hann fara í lokuðum poka í venjulegt sorp.
- Notið hreina hanska við þrif, hlífðarbúnað ef mengun líkamsvessa er mikil í bílnum. Þrífið sjúkrabíl og sjúkrakörfu (yfirborðs- og snertifleti) með hreinu sápuvatni og þurrka síðan yfir snertifleti með Oxivír sótthreinsiefni (eða Virkon 1% eða klórblöndu 200ppm eða sótt-hreinsspritti/sjúkrahússpritti 70%). Nánari leiðbeiningar um þrif eru [hér](#).

Athugið að eftir þrifin má nota bílinn aftur þegar biðtími skv. leiðbeiningum með sótthreinsiefni sem notað var er liðinn. **Ekki þarf að leggja bílnum í sólarhring eftir þrif.**